



# Skeiða og Gnúpverjahreppur

## Álagningarforsendur fasteignagjalda 2024

---

### **Álagningarforsendur fyrir árið 2024 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Álagningarhlutfall útsvars: 14.97%.

#### **A-flokkur 0,43% af heildar fasteignamati:**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

#### **B-flokkur 1,32% af heildar fasteignamati:**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

#### **C-flokkur 1,65% af heildar fasteignamati:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir 3. gr. samþykktar sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira geta sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirra íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum.

Afsláttur af fasteignagjöldum tekur breytingum frá árinu 2023 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs á tímabilinu 1. des 2022 - 1. des 2023.

#### **Heimæðagjald vatnsveitu**

Grunnur heimæðagjalds vatnsveitu, 150.000 kr. var samþykktur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepp þann 6. október 2009, m.v. byggingarvísitölu, grunnur 1987, grunnvísitölu í janúar 2009, 489,6 stig. Heimæðagjald í janúar 2024 er uppfært m.v. byggingarvísitölu grunn 2021, grunnvísitala í desember 2022, 110,6 stig, og er í janúar 2024 286.668 kr., m.v. byggingarvísitölu í desember 2023, 117,0 stig.

#### **Vatnsgjald:**

Vatnsgjald er 0,2% af heildarfasteignamati íbúðarhúsi, lóða og atvinnuhúsnæði, þó að hámarki 39.850 kr. á íbúðarhúsnæði. Ekkert hámarksgjald er á atvinnuhúsnæði. Eitt vatnsgjald er innheimt af frístundahúsnæði, 31.500 kr.

#### **Lóðarleigugjöld**

Lóðarleigugjöld innheimtist skv. lóðarleigusamningum.

**Sorphirða og sorpeyðingargjöld** innheimtast samkvæmt gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs

**Rotbróar- og fráveitugjöld** innheimtast samkvæmt gjaldskrá fyrir fráveitu og seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



# *Skeiða og Gnúpverjahreppur* *Álagningaforsendur fasteignagjalda 2024*

---

## **Gjaldareglur**

Öll gjöld v. vatnsgjalds, lóðarleigu, og sorphirðu hafa sömu gjalddaga og fasteignaskattur og fer innheimtu þeirra gjalda samhliða innheimtu fasteignaskatts

Gjalddagar fasteignaskatts, vatnsgjalds, lóðarleigu, fráveitu og sorphirðu skulu greiddir með 10 gjalddögum frá 1. feb- 1. nóv.

**Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 6. desember 2023.**